

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2018

Efni: Þingskjal 139 — 139. mál. Stjórnarfrumvarp. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum (texti ársreiknings).

Íslensk málnefnd hefur fengið til umfjöllunar stjórnarfrumvarp með breytingum á því frumvarpi um ársreikninga sem samþykkt var 2016. Málnefndin fagnar því að í fyrra frumvarpinu var tekið undir athugasemdir hennar varðandi íslenskt mál (sbr. bréf ÍM frá 10. febrúar 2016).

Athugasemdir nú: 2. gr.

Gögn sem send eru ársreikningaskrá til birtingar skulu vera á íslensku. Sé ársreikningur saminn á ensku skv. 2. mgr. 7. gr. skal hann sendur ársreikningaskrá á ensku og íslensku

verði: „... íslensku og ensku“. Íslenska komi ávallt á undan ensku.

Í greinargerð með 2. gr. stendur:

Því er mikilvægt að hægt sé að nálgast ársreikninga félaga á íslensku. Það má þó ekki hindra það að félög geti starfað í alþjóðlegu umhverfi og notað ensku við gerð ársreikninga. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að frjáls og opin alþjóðaviðskipti séu til hagsbóta fyrir lítil opin hagkerfi og auki velsæld þeirra. Breytingin sem lögð er til í frumvarpinu er í samræmi við það að gera viðskiptaumhverfi félaga í alþjóðaviðskiptum betra.

Íslensk málnefnd telur að þessi tilslökun sé varhugaverð. Það krefst mats hvenær viðskiptaumhverfi félaga í alþjóðaviðskiptum batni við að birta ársreikninga á ensku. Hvar fer slíkt mat fram? Hætta er á að félög færi sig upp á skaptið og nýti sér þessa klausu í hagnaðarskyni. Öllum ætti að vera ljóst að það kostar sitt að vera fámenn þjóð en stundargróði má aldrei vera á kosnað íslenskrar tungu.

f.h. stjórnar Íslenskrar málnefndar

Guðrún Kvaran.
formaður